

Sp.

500. Tillaga til þingsályktunar

[257. mál]

um flugmál.

Flm.: Ingvar Gíslason, Steingrímur Hermannsson, Kristján Ingólfsson,
Jón Skaftason, Jón Kjartansson.

Alþingi ályktar að kjósa hlutfallskosningu 7 manna nefnd til þess að gera athugun á ástandi flugmála í landinu og tillögur til úrbóta í þeim efnum. Skal athugunin ná til allra meginþátta flugmálanna, en aðaláherzla lögð á að kanna flugöryggismál og aðbúnað á flugvöllum yfirleitt. — Athugun þessari skal lokið svo snemma, að hægt verði að leggja fram skýrslu nefndarinnar og tillögur til úrbóta í flugmálum, áður en reglulegt Alþingi kemur saman haustið 1971. — Ráðherra skipar formann nefndarinnar. — Allur kostnaður af starfi nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði. — Nefndin skal m. a. hafa samráð við flugmálastjórn ríkisins og Félag íslenzkra atvinnuflugmanna, svo og aðra, sem hlut eiga að máli, eftir því sem tilefni gefst til.

Greinargerð.

Ekki verður því móti mælt, að íslensk flugmál hafa þróast mjög ört síðustu 25—30 ár. Hafa sumir svo til orða tekið, að framfarir í flugmálum séu ævintýri líkastar. Flugfloti Íslendinga er tiltölulega stór og yfirleitt vel búinn, og íslenskir flugmenn njóta að verðleikum mikils álits sem traustir menn á sínu sviði. Haldið er uppi reglubundnu áætlunarflugi innanlands til fjölmargra staða í öllum landsfjórðungum, og utanlandsflug með nýtizkufarkostum er stundað af dugnaði og myndarbrag með öllum þeim miklu umsvifum, sem slíkri starfsemi fylgja. Flugvélarekstur er þegar umsvifamikil atvinnugrein í landinu og flugsamgöngur snar þáttur í samgöngumálum Íslendinga innanlands og utan.

Þrátt fyrir þetta er mörgu ábótavant í íslenskum flugmálum, enda vafasamt, að flugmálin hafi notið nægilega öflugs stuðnings ríkisvaldsins hin síðari ár, svo að saman hafi mátt fara aukning flugflotans og nauðsynlegar endurbætur á flugþjónustunni að því er varðar flugöryggi og flugvallargerð. Mun sönnu nær, að mikils ósamræmis gæti að þessu leyti. Flugvallargerð og öryggisþjónusta er því miður mjög á eftir tímanum. Er augljóst, að þörf er sérstaks átaks til úrbóta í þessum efnum. Telja flm. þessarar tillögu rétt, að Alþingi hafi að sínu leyti frumkvæði um athugun á ástandi flugmálanna, að sjálfsögðu í góðu samstarfi við flugmálastjórn ríkisins og samtök atvinnuflugmanna og aðra, sem hlut eiga að máli.

Rétt er að geta þess, að flugmálastjóri ríkisins hefur ítrekað bent á þá staðreynd, að fjárveitingar til flugmála hafa lengi verið of lágar miðað við brýnustu

þarfir. Ekki hafa helztu ráðamenn þjóðarinnar um þessi efni, svo sem samgöngu-
ráðherra og fjármálaráðherra, gert þær ráðstafanir í sambandi við þessi mál, að
unnt væri að þoka þeim fram með sæmilegum hætti. Atvinnuflugmenn hafa látið
þessi mál mjög til sín taka og nú síðast ritað öllum alþingismönnum bréf með
áskorun um, að þeir beiti sér fyrir skipulegum úrbótum í flugmálum, einkum flug-
öryggismálum. — Er bréf flugmanna birt sem fylgiskjal með greinargerð þessari.

Fylgiskjal.

Bréf Félags isl. atvinnuflugmanna til alþingismanna.

Háttvirtur alþingismaður.

Svo sem yður er kunnugt, hefur flugið verið sívaxandi þáttur í samgöngumálum
íslenzku þjóðarinnar. Haldið er nú uppi reglubundnu áætlunarflugi, auk leiguflugs,
til fjölmargra staða innanlands og utan. Í þessu skyni hefur íslenski flugflotinn
verið endurnýjaður með ærnum kostnaði fyrir flugfélögin. Með tilkomu hinna nýrri
og fullkomnari flugvéla hefur reyndin orðið sú, að flogið er í verri veðrum en áður
var gert, auk þess sem flug í myrkri að vetrarlagi vex ár frá ári. Þörfin á betri
flugbrautum, fullkomnari aðflugstækjum og betri ljósabúnaði hefur aukizt að
sama skapi.

Að óreyndu hefði mátt ætla, að framkvæmdir hins opinbera í flugvallarmálum
og öryggismálum flugsins hefðu haldizt í hendur við endurnýjun flugflotans, en
því fer viðs fjarri. Á undanförnum árum hefur öryggisnefnd Félags íslenzkra
atvinnuflugmanna margsinnis rætt við íslensk flugmálafyrirvöld um nauðsyn úr-
bóta í þessum efnum, en þrátt fyrir góðar undirtektir þessara aðila hefur vegna
ónógra fjárveitinga hægt miðað í rétta átt. Utan Reykjavíkur og Keflavíkur er nú
aðeins ein flugbraut á landinu malbikuð. Svo til alls staðar vantar slétt öryggis-
svæði meðfram flugbrautum. Aðflugstæki eru víðast hvar af frumstæðustu gerð,
sums staðar alls engin, og ljósabúnaði mjög áfátt.

Slíkt ástand getur varla talizt viðunandi í skammdegi og umhleypingasamri
veðráttu íslenzks vetrar. Telja verður, að Alþingi eigi hér nokkra sök á. Sé litið á
fjárveitingar síðustu ára til flugmálaframkvæmda, verður það skiljanlegt, hvers
vegna svo margt er ógert í öryggismálum flugsins.

Oft verða á Alþingi miklar umræður um aðra þætti samgöngumálanna, svo
sem vegamál og hafnamál, en sjaldan heyrizt þess getið í þingfréttum, að umræður
hafi orðið um flugmál, og enn sjaldnar, að einhver þingmaðurinn hafi borið fram
tillögu um hækkun á fjárveitingum til flugmála. Erfitt er að skilja, hvers vegna
þessi mikilvægi þáttur samgöngumála vorra hefur orðið slík hornreka á Alþingi
sem raun ber vitni.

Við heitum á yður, hr. alþingismaður, að beita yður fyrir því, að blaðinu verði
nú snúið við, málum þessum meiri gaumur gefinn hér eftir en hingað til og fjár-
veitingar til flugmála auknar svo verulega, að takast megi að koma öryggismálum
flugsins á Íslandi í viðunandi horf.

Öryggisnefnd Félags íslenzkra atvinnuflugmanna er hvenær sem er reiðubúin
að ræða við yður um þessi mál og veita yður þær upplýsingar, er þér kynnuð
að óska eftir.

Viktor Aðalsteinsson,
form. öryggisnefndar Félags isl. atvinnuflugmanna.

Fróði Björnsson,
form. Félags isl. atvinnuflugmanna.